

Samkaup innkalla tvær frosnar máltíðar frá My Protein

Samkaup hafa í samráði við innflutningsaðila stöðvað sölu á tveim frosnum réttum frá vörumerkinu My Protein. Frosnu réttirnir sem um ræðir eru „Katsu Chicken with Rice“ með best fyrir dagsetningunni til og með 23/03/2026 og „Singapore Style Noodles“ með best fyrir dagsetningunni til og með 10/09/2025, og innkalla vörunar frá neytendum sem keyptu hana í Nettó, Kjörbúð, Krambúð og Iceland.

Ástæða innköllunar er mögulegt hnetusmit í framleiðslulotunni. Neytendur með óþol eða ofnæmi fyrir hnetum eru sérstaklega varaðir við að neyta vörunnar.

Viðskiptavinir sem keypt hafa vöruna eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila til verslunarinnar þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Upplýsingar um vörunar sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki: My Protein

Vöruheiti: Singapore style noodles

Geymsluþol allar dagsetningar til og með 10/09/2025

Nettómagn: 550gr.

Strikamerki: 5010482925673

Framleiðandi: Iceland Foods Ltd

Framleiðsluland: UK

Vörumerki: My Protein

Vöruheiti: Katsu Chicken with rice

Geymsluþol allar dagsetningar til og með 23/03/2026

Nettómagn: 350gr.

Stikamerki: 5010482925697

Framleiðandi: Iceland Food Ltd

Framleiðsluland: UK